

Nd.

8. Frumvarp til laga

um lántöku fyrir rikissjóð.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka handa rikissjóði lán, allt að 11 milljónum og 750 þús. króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir rikissjóð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefir komið í ljós síðan á síðasta þingi, að Útvegsbanki Íslands h/f mun ekki komast hjá því að afla sér fjár til þess að greiða upp 150 þús. sterlingspunda lán, sem hann hefir nú í Hambros Bank Ltd., London, og tekið var árin 1930 og 1931. Ríkissjóður er í ábyrgð fyrir láni þessu. Það er og nokkurnveginn vist, að erfitt verður fyrir bankann að fá lán til greiðslu framannefndrar fjárhæðar nema fyrir beina milligöngu rikissjóðs. M. a. af þessum ástæðum er í frumvarpinu lagt til, að í stað núgildandi lánsheimildar fyrir rikissjóð í lögum nr. 19 9. jan. 1935, verði samþykkt önnur hærri með það fyrir augum, að rikisstjórnin láni Útvegsbankanum fé af lánsfjárhæðinni til þess að greiða framannefnt 150 þús. sterlingspunda lán hjá Hambros Bank. Þá er lánsheimildin og hækkuð til þess að hægt verði að taka í einu lagi lán til greiðslu á eldri lánnum og hluta af láni því, sem heimilt er að taka samkv. lögum um fiskimálanefnd o. fl., nr. 76 29. des. 1934, 13. gr. 3. mgr. Sú fjárhæð, sem afgangur verður af láninu þegar greidd hafa verið eldri lán rikissjóðs (sbr. þskj. 722 1934) og lán Útvegsbankans og kostnaður við lántökuna telst því að sjálfsgöðu til frádráttar þeirri lánsheimild.

Heimildarlög um lántöku nr. 19 9. jan. 1935 eru úr gildi numin, ef frumvarpið verður samþykkt.